

Nd. **181. Frumvarp til laga** [126. mál]
um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Skylt er að hafa matreiðslumenn og/eða bryta á öllum vélknúnum skipum, sem eru 800 smálestir brúttó eða stærri, annast farþega- og vöruflutninga og hafa minnst 20 manna áhöfn fyrir utan eldhús- og þjónustufólk.

Á fiskiskipum og flutningaskipum, sem eru 25 smálestir brúttó eða stærri, og á farþegaskipum, sem eru 25—800 smálestir brúttó, er skylt að hafa matsveina.

2. gr.

Til þess að öðlast réttindi sem matreiðslumaður samkv. 1. málsg. 1. gr. skal viðkomandi hafa sveins- eða meistararéttindi í matreiðslu.

Til þess að öðlast réttindi sem matreiðslumaður samkv. 2. málsg. 1. gr. skal viðkomandi uppfylla eitthvert eftirtalinna skilyrða:

- a. að hafa sveins- eða meistararéttindi í matreiðslu;
- b. að hafa lokið 8 mánaða námskeiði við Matsveina- og veitingaþjónaskólann og starfað sex mánuði sem aðstoðarmatreiðslumaður á skipum;
- c. að hafa sótt viðurkennt matreiðslunámskeið og starfað sem matreiðslumaður á fiskiskipum samkv. 1. gr. í 18 mánuði.

3. gr.

Í Matsveina- og veitingaþjónaskólanum skulu haldin námskeið fyrir þá, sem ætla að verða brytar á farþega- og flutningaskipum, og skal ráðherra setja nánari ákvæði um tilhögun þeirra í reglugerð.

4. gr.

Til þess að öðlast brytaréttindi á farþegaskipum og flutningaskipum skal viðkomandi uppfylla annað hvort eftirtalinn skilyrða:

- a. að hafa meistararéttindi í matreiðslu og hafa starfað sem matreiðslumaður á farþega- eða flutningaskipi í sex mánuði og staðizt brytapróf við Matsveina- og veitingaþjónaskólann;
- b. að hafa meistararéttindi í framreiðslu og hafa unnið sem aðstoðarmatreiðslumaður í eitt ár, þar af sex mánuði á skipi, og hafa staðizt brytapróf við Matsveina- og veitingaþjónaskólann.

5. gr.

Ákvæði þessara laga ná ekki til þeirra, sem við gildistöku laganna starfa sem matreiðslumenn eða brytar á fiski-, flutninga- eða farþegaskipum, ef þeir innan fimm ára krefjast viðurkenningar ráðuneytisins á rétti sínum til þessara starfa.

6. gr.

Samgöngumálaráðuneytið getur veitt tímabundna undanþágu frá ákvæðum þessara laga, sé ekki unnt að fá menn til starfa, sem uppfylla þau skilyrði, sem sett eru í lögum þessum, eða það er erfiðleikum bundið.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni Félags matreiðslumanna og Matsveinafélags S.S.Í.

Frv. samhljóða þessu var flutt á Alþingi 1957—58 og á síðasta Alþingi, en var ekki afgreitt. Frumvarpinu fylgdi í upphafi eftirfarandi greinargerð:

„Samband matreiðslu- og framreiðslumanna hefur á undanförunum þingum óskað eftir því við Alþingi, að lagt verði fram og samþykkt frv. til laga um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.

Á síðasta þingi sendum vér til hv. iðnaðarnefndar neðri deildar bréf með ósk um flutning slíks frv., en ekki varð úr því þá, að það yrði flutt.

Frv. það, sem vér sendum í fyrra, hefur verið endurskoðað af skólanefnd Matsveina- og veitingaþjónaskólans eftir ósk sambands vors.

Umsögn skólanefndar hefur oss horizt, og segir þar m. a.:

„Mál það, sem í bréfinu er greint frá“ (bréfi voru til skólanefndar), „ásamt tilvitnuðum gögnum öllum hefur skólanefndin tekið fyrir á nokkrum fundum sínum og er samþykkt því, að sett verði lög um bryta og matreiðslumenn á fiskiskipum og farskipum, og eftir að hafa yfirlitið frv., er sambandið samdi, og norsku og dönsku lögin, leggur skólanefndin til, að hv. Alþingi verði sent frv. það, sem fylgir hér með, en það er frv. til laga um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.“

Samband vort leyfir sér hér með að senda hv. iðnaðarnefnd efri deildar frv. það, sem að framan er vitnað til, og er það eins og skólanfendin samdi það. Jafnframt leyfum vér oss að vænta þess, að hv. þingnefnd sjái sér fært að flytja það fyrir oss á Alþingi.

Um einstakar greinar frv. viljum vér taka þetta fram:

Um 1. gr.

Hér er lagt til, að skylt sé að hafa matreiðslumenn eða bryta á öllum vélknúnum skipum. Er hér um svipað efni að ræða og í norskum lögum, nema hvað lágmarkstala áhafnar er þar 10 manns.

Um 2. og 3. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar. Hvað 2. gr. viðkemur, er þar farið eftir norsku lögnum, en þó sniðið eftir íslenskum aðstæðum.

Um 4. gr.

Það verður að telja nauðsynlegt fyrir bryta á skipi, að hann hafi starfað við matreiðslu á skipum, áður en hann fær réttindi til starfans, en slíka reynslu skortir þann matreiðslumann, sem eingöngu hefur starfað við iðn sína á veitingastöðum í landi, þó að langur starfstími sé að baki. Einnig verður að telja nauðsynlegt fyrir framreiðslumann að hafa fengið reynslu í matreiðslustörfum, áður en hann öðlast réttindi til brytastarfa, því að starf bryta útheimtir mikla þekkingu á meðferð og hagnýtingu hráefna og við innkaup varðandi fæðissölu. Gert er ráð fyrir, að við námskeið, sem stofnað verður til samkv. 3. gr., öðlist matreiðslumenn þá undirstöðuþekkingu í framreiðslu, sem bryta er nauðsynleg í starfi sínu.

Í dönskum og norskum lögum, sem höfð hafa verið til hliðsjónar, þegar frv. þetta var samið, er ekki gert ráð fyrir, að framreiðslumenn geti öðlazzt réttindi til brytastarfa, en vegna reynslu í þessum efnun hér á landi verður að telja rétt að útiloka þá ekki frá starfinu, en að þeim sé veittur sá réttur að uppfylltum þeim skilyrðum, er b-liður 4. gr. segir til um.

Um 5., 6. og 7. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar.“